

Umhverfisstofnun,
Agnar Bragason
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. maí 2016
2016050002/42-0
TB
jgo/tb

Umsókn um leyfi til breytinga á inntaki Laxárvirkjunar III

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um leyfi til framkvæmda vegna breytinga á inntaki Laxárvirkjunar III til að fleyta framburði (sandi og grjóti) framhá mannvirkjum.

Með bréfi dagsettu 4. apríl sl. tilkynnti Landsvirkjun framangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar til úrskurðar um matsskyldu. Með bréfi dagsettu 27. apríl sl. úrskurðaði Skipulagsstofnun að framkvæmdin skyldi ekki fara í mat á umhverfisáhrifum. Meðal umsagna sem Skipulagsstofnun lagði til grundvallar ákvörðun sinni voru umsagnir Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar. Einnig lá fyrir umsögn Veiðimálastofnunar sem fylgdi með tilkynningu Landsvirkjunar. Jafnframt liggur fyrir umsögn Náttúrufræðistofnunar við Mývatn dagsett 2. maí sl.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögnum sem fjalla um framkvæmdina og koma einnig fram í úrskurði Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er bundin við takmarkað svæði sem nú þegar hefur verið raskað, hún mun ekki hafa áhrif á rennsli Laxár eða breyta vatnsborði árinna og rask verður lítið í inntakslóni, tímabundið og afturkræft. Náttúrufræðistofnun telur að gera eigi ábendingar, sem m.a. koma fram í umsögn Veiðimálastofnunar og úrskurði Skipulagsstofnunar, um hvernig beri að standa að framkvæmdum hluta að framkvæmdaleyfi Umhverfisstofnunar.



Náttúrufræðistofnun fagnar því að fallið hefur verið frá hugmyndum um að hækka vatnsborð inntakslónsins/Laxár sem hluta af því að leysa vandamál vegna framburðar sands og grjóts og ísvandamála. Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til framkvæmdanna.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

